

Borgarráð

### ***Tillaga að tilraunaverkefni í Breiðholti***

Borgarráð samþykkir að setja á laggirnar tilraunaverkefni í Breiðholti til þriggja ára. Í tilrauninni felst að ráða **hverfisstjóra/-stýru** í Breiðholti sem jafnframt annist framkvæmdastjórn þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Hverfisstjóranum verði falið að hafa yfirumsjón með samstarfi borgarstofnana í Breiðholti og samþættingu einstakra verkefna sem í dag heyra undir skóla- og frístundasvið, ÍTR og menningar- og ferðamálasvið auk velferðarsviðs.

Markmiðið með verkefninu er að þjónusta Reykjavíkurborgar í hverfinu verði heildstæðari, markvissari og samhæfðari, íbúum hverfisins til hagsbóta.

Jafnframt er lagt til að samstarf sviða og starfseininga borgarinnar í Breiðholti verði formgert og eflt með því að skipaður verði **stýrihópur** þvert á svið undir forystu borgarstjóra. Stýrihópurinn setji fram aðgerðaráætlun í hverfinu til þriggja ára og mælanleg markmið um árangur.

Hverfisstjórinn starfi með stýrihópnum, jafnframt sitji formaður hverfisráðs Breiðholts í stýrihópnum. Hverfisstjórinn heyri undir sviðsstjóra Velferðarsviðs í skipuriti en leiði samstarfs- og samráðsverkefni í hverfinu þvert á svið borgarinnar.

Helstu verkefni sem framundan eru:

1. Leiða starfshóp sem leiti leiða til að auka samstarf í efra Breiðholti í skóla- og frístundastarfi, til að efla félagslegan jöfnuð, árangur, vellíðan og þátttöku barna og unglunga í frístunda- og menningarstarfi sbr. tillögu borgarstjóra sem samþykkt var í borgarráði þann 14. apríl s.l.
2. Leiða og forma verkefnið *Bergin í Breiðholti* sem byggir á tillögum starfshóps dags. 11. október 2010 en verkefnið gengur út á stóraukið samstarf og samþættingu í rekstri Menningarmiðstöðvarinnar í Gerðubergi, Frístundamiðstöðvarinnar í Miðbergi, Gerðubergssafns, og Félagsstarfsins í Gerðubergi auk þess sem samstarf við félags- og hagsmunasamtök í hverfinu verði eflt.
3. Kanna möguleika á stofnun virknimiðstöðvar fyrir ungt atvinnulaust fólk í Breiðholti með það að markmiði að styrkja og efla unga fólkið svo það verði betur í stakk búíð til að þyggja vinnu þegar hún býðst.
4. Þróa tilraunaverkefni í Fellaskóla með áherslu á listir og vísindi í samstarfi við sérfræðinga í raungreinum og listamenn.
5. Leiða samráð um íþróttamál í hverfinu.

Auk afmarkaðra verkefna hafi hverfisstjórinn forystu um nýjar leiðir og lausnir við framkvæmd þeirrar þjónustu sem veitt er á þjónustumiðstöðinni, s.s. við framkvæmd fjárhagsaðstoðar, sérfræðiþjónustu skóla o.fl.

Ljóst er að umfang verkefna hverfisstjóra er meira og víðtækara en verkefni framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar. Því er lagt til að hluti af fjárheimildum vegna verkefnisins 111 Reykjavík, kr. 10 mkr. verði fluttar af liðnum 4200 til þjónustumiðstöðvar Breiðholts, m.a. til ráðningar verkefnastjóra. Tillögunni verði jafnframt vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2012.

Auglýst verði eftir hverfisstjóra Breiðholtshverfis hið fyrsta.

Greinargerð:

Um skeið hafa verið miklar umræður um nauðsyn þess að efla og auka enn frekar samstarf starfseininga borgarinnar í hverfum og samhæfa betur þjónustu í hverfum þvert á svið borgarinnar til hagsbóta fyrir íbúa. Því er nú lagt til að gerð verði tilraun í Breiðholti og tekið næsta skref í átt til frekari hverfavæðingar með það að markmiði að finna leið til að auka sjálfstæði hverfa og efla hverfatengda þjónustu og draga af því lærdóm (á tímabilinu). Starfssviði framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Breiðholts verði breytt með þetta að markmiði og starfsheitinu breytt í hverfisstjóra/-stýru Breiðholtshverfis.

Rúmlega 20.000 íbúar í Reykjavík búa Breiðholti sem er 17,3% af íbúum í Reykjavík. Fjölmörg úrlausnarefni eru í hverfinu. Því er lögð áhersla á að þjónusta við íbúa í Breiðholti verði eflað með því að formgera og efla samstarf sviða og stofnana borgarinnar í hverfinu og þróa nýjar lausnir í þjónustu.

Í hverfi 111 er atvinnuleysi hæst í borginni og vandi íbúa fjölþættari. Sem dæmi má nefna að hlutfallslega flestir íbúar í Reykjavík sem treysta á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins sér til framfærslu búa í Breiðholti og hlutfallslega flestar tilvísanir frá grunnskólum og leikskólum til sérfræðiþjónustu skóla eru í Breiðholti.

Framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva í hverfum eru nú framkvæmdastjórar hverfisráða. Allt frá stofnun þjónustumiðstöðva hafa þeir komið að margvíslegu samstarfi milli sviða og stofnana borgarinnar í hverfum. Nú er lagt til að gengið verði skrefi lengra í Breiðholti í tilraunaskyni, í átt til frekari hverfavæðingar. Starfsheiti framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Breiðholts verði breytt í hverfisstjóra Breiðholtshverfis og hverfisstjóra verði falin formleg ábyrgð á að hafa forystu um slíkt samstarf ásamt því að leiða og stýra samstarfs- og samráðsverkefnum í hverfinu þvert á svið borgarinnar. Markmiðið með breytingunni er að bæta þjónustu við íbúa í hverfinu og nýta auðlindir borgarinnar betur, s.s. húsnæði og starfsfólk.

Hverfisstjóri verður einnig framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvarinnar og ber þannig ábyrgð á framkvæmd þeirrar þjónustu sem veitt er á þjónustumiðstöðinni og á starfseiningum sem undir hana heyra. Hann ber ábyrgð á að þjónusta við íbúa í hverfinu sé aðgengileg, markviss, heildstæð og góð í samræmi við stefnu borgaryfirvalda og nánari starfslýsingu þar um.

Fenginn verði óháður aðili til að meta árangur verkefnisins á árinu 2014.

Jón Gnarr

